

og ómerk; svo var og stefndu gert að greiða áfrýjanda 30 kr. í málskostnað. Hefir áfrýjandi krafist, að dómur þessi verði staðfestur og stefnda dæmd til að greiða honum hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefnda fekk frest í málinu til gagnáfrýjunar til 1. þ. m., en hún notaði eigi frestinn og kom eigi í yfirdóminn þann dag og enginn fyrir hennar hönd til að veita andsvör í málinu, og var það þá tekið til dóms. Að svo komnu verður þá að taka til greina kröfur áfrýjanda um staðfestingu bæjarþingsdómsins og málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Stefnda, Margrét Árnason, greiði áfrýjanda, Helga Jónssyni, 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 15. október 1917.

Nr. 62/1917.

Jóhann V. Danielsson
 gegn
 Margrjetu Árnason.

D ó m u r :

Áfrýjandinn Jóhann V. Danielsson kaupmaður á Eyrarbakka, hefir með stefnu dags. 10. ágúst þ. á. skotið til yfirdómsins dómi uppkkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 22. marz þ. á., en með þeim dómi var stefnda, frú Margrjet Árnason í Reykjavík dæmd fyrir meiðyrði um áfrýjanda í 100 kr. sekt til landssjóðs eða 10 daga einfalt fangelsi, ef sektin yrði eigi greidd í ákveðinn tíma, og átalín meiðyrði talín dauð og ómerk; svo var og stefndu gjört að greiða áfrýjanda 30 kr. í málskostnað.

Hefir áfrýjandi krafist, að dómur þessi verði staðfestur og stefnda dæmd til að greiða honum hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati rjettarins. Stefnda fjekk frest í málinu til gagnáfrýjunar til 1. þ. m., en hún notaði eigi frestinn og kom eigi í yfirdóminn þann dag og enginn fyrir hennar hönd til að veita andsvör í málinu, og var það þá tekið til dóms.

Að svo komnu vérður þá að taka til greina kröfu áfrýjanda um staðfestingu bæjarþingsdómsins og málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 30 kr.

Þ v í d æ m i s t r j e t t v e r a :

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Stefnda Margrjet Árnason greiði áfrýjanda Jóhanni V. Danielssyni 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður en 8 vikur sjeu liðnar frá löglægri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 15. október 1917.

Nr. 63/1917.

Þórður Jónsson
gegn
Margrjetu Árnason.

D ó m u r :

Áfrýjandinn Þórður Jónsson verslunarmaður á Stokkseyri, hefir með stefnu dags. 10. ág. þ. á. skotið til yfirdómsins dómi uppkeðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 29. marz þ. á., en með þeim dómi var stefnda frú Margrjet Árnason í Reykjavík dæmd fyrir meiðyrði um áfrýjanda í 100 kr. sekt til landssjóðs eða 10 daga einfalt fangelsi, ef sektin yrði eigi greidd í ákveðinn tíma, og átalín meiðyrði dæmd dauð og ómerk og, fyrir ósæmilegan rithátt í 30 kr. sekt, að hálfu til landssjóðs og að hálfu til bæjarsjóðs Reykjavíkur; svo var og stefndu gjört að greiða áfrýjanda 30 kr. í málskostnað. Hefir áfrýjandi krafist að dómur þessi verði staðfestur og stefnda dæmd til að greiða honum hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati rjettarins.

Stefnda fjekk frest í málinu til gagnáfrýjunar til 1. þ. m., en hún notaði eigi frestinn og kom eigi í